

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar 20. sept. 1999

Fundargerð

Á fundinn mættu: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Jón Kalmansson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Rætt um ályktun stjórnar Siðfræðistofnunar vegna reglugerðar um vísindasiðanefnd. Jóni Kalmanssyni falið að ganga frá ályktuninni
3. Rætt um málþing um sjálfsákvörðunarrétt aldraðra. Ákveðið að það skuli haldið.
4. Rætt um nýja reglugerð Siðfræðistofnunar og frá henni gengið. Helstu breytingar frá fyrri reglugerð:
 1. Stofnunin heitir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og lýtur yfirstjórn háskólaráðs.
 2. Nánar er kveðið á um markmið stofnunarinnar. Þau eru:
 - a. Að efla og samhæfa rannsóknir í siðfræði við Háskóla Íslands.
 - b. Að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda háskóla á sviði siðfræði.
 - c. Að gefa út fræðirit, námsefni og kynna niðurstöður rannsókna í siðfræði.
 - d. Að veita upplýsingar og ráðgjöf um siðfræðileg efni.
 - e. Að styðja kennslu í siðfræði og sjá um kennslu til meistaraþrófs í siðfræði.
 - f. Að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum um siðfræði.
 3. Fjölgað er í stjórn stofnunarinnar úr þremur í fimm. Skulu þrjú stjórnarmanna vera tilnefndir af sömu stofnunum og áður, þ.e. Heimspekistofnun, Guðfræðistofnun og kirkjuráði þjóðkirkjunnar en við bætist tilnefning frá háskólaráði og Kennaraháskólanum.
 4. Fellt er niður ákvæði í eldri reglugerð um ráðgjafanefnd.
 5. Kveðið er á um verkaskiptingu og hlutverk stjórnar.
 6. Kveðið er á um forstöðumann stofnunarinnar og hlutverk hans.
 7. Kveðið er á um að rekstur stofnunarinnar sé greiddur af ríkisfé eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.
 8. Fellt er niður ákvæði í eldri
5. Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar með Biskupi Íslands undirbúinn.
6. Önnur mál.